

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Þórðarson, greiði stefnanda, Ólafi Þorgrímssyni hrl. f. h. Dolcis Ltd., £ 823-16-1 með 8% ársvöxtum frá 3. maí 1964 til 12. júní 1966 og 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 416.00 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. marz 1968.

Nr. 23/1967. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)
 gegn
Einari Braga Sigurðssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ærumeiðingar. Fégjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1967 og gert þær dómkröfur, „að hin átöldu orð í greininni 15. nóv. 1963 verði dæmd dauð og ómerk, að stefndum verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, að honum verði dæmt að greiða“ sér „kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóv. 1963 til greiðsludags og að honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjáls þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð“. Þá krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Mál þetta er risið af ummælum, sem birtust í 42. og 43. tölublaði 12. árgangs vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kom dagana 2. og 15. nóvember 1963. Eru ummælin tekin

úr greinargerð, sem stefndi hafði lagt fram í dómsmáli milli þeirra aðiljanna, sem þá var rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og birt var í heild í nefndum tölublöðum Frjálsrar þjóðar. Eru hin átöldu ummæli rakin í héraðsdómi.

Ummæli þau, er birtust í vikublaðinu 2. nóvember 1963, eru eigi þess efnis, að birting þeirra varði stefnda refsingu, og ber því að sýkna hann af kröfum áfrýjanda, að því er þau varðar.

Svo sem áður greinir, voru ummæli þau, sem birtust í vikublaðinu 15. nóvember 1963, tekin úr greinargerð, er stefndi hafði lagt fram í dómsmáli, sem áfrýjandi hafði höfðað á hendur honum til refsingar fyrir meiðyrði. Ummæli þessi eru meiðandi fyrir áfrýjanda, en við úrlausn þess máls þótti eftir atvikum eigi næg ástæða til að refsa stefnda fyrir þau, þar sem einungis var um að tefla refsinaemi þeirra í varnarskjali fyrir dómi. Hins vegar varðar birting ummælanna í vikublaðinu stefnda refsingu samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber að hafa í huga harðyrði áfrýjanda um stefnda í héraðsdómsstefnu, greinargerðum fyrir héraðsdómi og Hæstarétti svo og í sókn fyrir Hæstarétti. Þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektar varðhald 2 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að ómerkja hin umstefndu ummæli samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda fégjald, sem ákveðst kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 ber að dæma stefnda til þess að sjá um, að birtar verði forsendur og dómsorð Hæstaréttar í málinu í fyrsta eða öðru tölublaði vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Eins og greint var og rakið í héraðsdómi, hefur áfrýjandi í rekstri málsins haft meðandi ummæli um stefnda. Stefndi hefur heldur eigi gætt hófs í ummælum um áfrýjanda. Ber að vita þetta.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjanda, Magnúsi Thorlacius, féggjald, kr. 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags.

Stefnda er skylt að sjá um, að dómsorð og forsendur Hæstaréttar verði birtar í fyrsta eða öðru tölublaði vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1967.

Stefnandi máls þessa er Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, Reykjavík. Stefndi er Einar Bragi Sigurðsson rithöfundur, Reykjavík. Málið er höfðað með stefnu, sem birt var 17. janúar 1964. Þingfesting fór fram 21. sama mánaðar. Málið var dæmt á bæjarþinginu 6. janúar 1965. Með dómi Hæstaréttar 14. nóvember 1966 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju. Það var tekið fyrir 13. desember. Stefnandi krafðist þá úrskurðar um þá kröfu sína, að málið yrði skriflega flutt. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði sama dag, og fór munnlegur flutningur og dómtaka fram 20. desember s.l.

Dómkröfur stefnanda, er nú liggur fyrir að taka afstöðu til,

varða ummæli í blaðinu Frjálsri Þjóð 2. og 15. nóvember 1963. Einstök ummæli verða rakin síðar. Þegar munnlegur flutningur fór fram 20. desember, var bókað, að kröfur stefnanda væru:

- „ — að hin átöldu orð í greinni 15. nóvember 1963 verði dæmd dauð og ómerk.
- að Einari Braga Sigurðssyni verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til.
- að honum verði dæmt að greiða stefnanda kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags.
- að honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjálsri Þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð.
- að honum verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Að gefnu tilefni frá dómara tekur stefnandi fram, að aldrei hafi ætlunin verið önnur en dómkröfur þessar ættu við ummæli í blaðinu Frjálsri Þjóð bæði 2. og 15. nóvember 1963. . .

Að gefnu tilefni frá dómara kveður stefnandi kröfur sínar einnig taka til fyrirsgna þeirra fyrir greininni 15. nóvember, sem tilgreindar eru“.

Um dómkröfur stefnda (Einars Braga Sigurðssonar) segir á þessa leið í bókun um ræðu hans 20. desember s. l.:

„Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Þá krafðist hann þess, að eftirfarandi ummæli í stefnu á dskj. no. 1 yrðu dæmd dauð og ómerk: „hlutdræg og villandi, að úr verður bein fölsun“ (bls. 1), „hvergi á það minnst, að það var frú Karólína Jósefsson, er höfðaði þetta mál gegn mér fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands“ (bls. 1), „hefði ætlað að féfletta frú Jósefsson“ (bls. 2), „framborna gegn betri vitund, þar sem höfundur greinarinnar hafði hæstaréttardóminn í höndum“ (bls. 2), „allt er þetta ósatt og borið út opinberlega gegn betri vitund“ (bls. 3), að eftirfarandi ummæli á dskj. 3 yrðu dæmd dauð og ómerk: „samda af lögmanni, er ekki lízt á að koma fram opinberlega“ (bls. 1), „grein stefnds“ (bls. 1), „fleipur eitt, álygar og atvinnurógur“ (bls. 2), „sannað, að brot stefnds í þessu máli er framið gegn betri vitund“ (bls. 2), „hann hafði hæstaréttardóminn í höndum“ (bls. 2), „brysti manndóm til að biðja afsökunar á níðskrifum Frjálsrar Þjóðar“ (bls. 2), að stefnanda verði dæmt að sæta fyrir hin tilvitnuðu ummæli þyngstu refsingu, sem lög leyfa, eða a. m. k. verði hugsanleg refsing stefnda látin niður falla skv. 239. gr. alm. hgl., vegna þess að stefnandi hafi meira

en goldið líku líkt með ofanrituðum orðaleppum, að stefnandi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir ósæmilega tilvitnunaraðferð, sem stefndi kveðst hafa sannað á hann á dskj. 9, og háttalag hans metið stefnda til sýknu skv. 239. gr. alm. hgl.“.

Málavextir.

Hinn 7. september 1963 birtist í blaðinu *Frjálsri þjóð* grein, sem nefndist *Stafar almenningi hættu af lögfræðingum?* Greinarhöfundur var nefndur *Otur*. Í grein þessari er rætt um, að spill-ing sé meðal lögfræðinga, og í framhaldi af því er vikið að viðskiptum stefnanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmans, og tveggja skjólstæðinga hans, Ágústs Sigurðssonar og frú Karólínu Guðlaugsdóttur. Vegna greinar þessarar höfðaði stefnandi meiðyrðamál gegn stefnda, sem um þessar mundir var ábyrgðarmaður *Frjálsrar þjóðar*. Mál þetta, sem auðkennt var no. 1950/1963, var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 23. desember 1964. Stefnandi áfrýjaði þeim dómi, og stefndi gagnáfrýjaði, og gekk hæstaréttardómur 20. júní 1966 (hæstaréttarmálið var auðkennt nr. 44/1965). Með dómi þessum var stefnda gert að sæta refsingu, tiltekin ummæli í áðurnefndri grein voru ómerkt, stefndi var dæmdur til greiðslu fébóta og málskostnaðar og honum gert að birta hluta héraðsdóms og dóm Hæstaréttar í *Frjálsri þjóð*.

Mál það, sem nú var frá sagt, flutti stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, sjálfur. Lagði hann fram greinargerð á bæjarþingi 29. október 1963. Var hún síðan prentuð í *Frjálsri þjóð*, fyrri hlutinn 2. nóvember, en síðari hlutinn 15. nóvember. Við greinargerðina var bætt aðalfyrirsögn („*Leikmaður gegn lögmanni*“) og ýmsum millifyrirsögnum. Mál það, sem hér er til dóms, hefur stefnandi höfðað vegna þessarar birtingar vissra ummæla í greinargerðinni.

Stefnandi byggir dómkröfur á eftirfarandi ummælum í þeim hluta greinargerðar stefnda í bæjarþingsmáli nr. 1950/1963, er birtust í *Frjálsri þjóð* 2. nóvember 1963, en ummælin eru um dóm Hæstaréttar í máli, sem stefnandi og frú Karólína Guðlaugsdóttir voru aðiljar að og snerist um lögmannskaup:

„Í honum má lesa eftirfarandi: Fyrir stjórn lögmannafélagsins hafði heiðraður stefnandi, hr. Magnús Thorlacius, hrl., gert aðalkröfu um kr. 799.589.50 úr hendi frú Karólínu, en varakröfu um kr. 728.922.83. Úrskurður stjórnar lögmannafélagsins, sem Hæstiréttur síðar staðfesti með umræddum dómi, hljóðaði hins vegar upp á samtals kr. 502.087.00. Hið eina, sem ekki er alveg rétt með farið í þessum kafla átalinnar greinar, er því það, að

Hæstiréttur lækkaði kröfu heiðraðs stefnanda ekki niður í 570 þúsund krónur, eins og í greininni segir, heldur alla leið niður í kr. 502.087.00. Stafar þessi skekkja annað hvort frá prentvillu í blaðinu eða misminni heimildarmanns. En hvort sem heldur er, hefur hlutur heiðraðs stefnanda síður en svo verið gerður verri en efni stóðu til, heldur einmitt talsvert miklu betri.

Þau ummæli, sem hér hafa verið tekin orðrétt úr greinargerð stefnda í máli nr. 1950/1963 og birtust á prenti í Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963, skýrast af þessum orðum í greininni, er birtist í sama blaði 7. september 1963:

„Kynni þá að vera nokkuð forvitnilegt að rifja það upp hér, að fyrir nokkrum árum skýrði þetta blað frá því, að sá hinn sami Magnús Thorlacius hrl. hafði að skjólstæðingi fráskilda konu Jóhannesar Jósefssonar á Hótel Borg í skiptamálum út af Borginni. Fyrir sitt „starf“ í því máli setti hann upp mörg hundruð þúsundir króna. Konunni þótti nóg um og leitaði aðstoðar lögfræðinga. Loks fékkst Guðmundur Ingvi Sigurðsson til að taka að sér mál hennar gagnvart fyrri lögfræðingi hennar. En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega“ sínum. Nei, hann rak málið fyrir stjórn lögmannafélagsins. Sá dómstóll lækkaði að vísu kröfu Magnúsar alla leið niður í 570 þúsund krónur, eftir því, sem löggiltur embættismaður hefur tjáð blaðinu“.

Í málinu nr. 1950/1963 var fjallað um þessi ummæli, og komst bæjarþingið að þeirri niðurstöðu, að þau væru ónákvæm og einhliða og að ekkert væri fram komið því til stuðnings, að stefnandi hefði framið refsivert athæfi. Með tilvísun til greinar þeirrar í heild, sem ummælin voru í, töldust þau fela í sér refsiverða aðdróttun. Orðin: „En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega“ sínum. Nei“ voru ómerkt. Í fyrirnefndum dómi Hæstaréttar 20. júní 1966 var bæjarþingsdómurinn staðfestur, að því er þessi atriði varðar.

Þá byggir stefnandi dómkröfur á vissum ummælum í þeim hluta greinargerðarinnar í bæjarþingsmáli nr. 1950/1963 á prenti 15. nóvember 1963. Varða þau samskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar og frásögn í Frjálsri þjóð 7. september 1963 um þau. Málsgrein sú, sem ummælin eru í, verður tekin upp í heild. Hún er leturbreytingalaus í blaðinu (ef fyrirsögn er frátalin), en ummælin, sem stefnandi byggir dómkröfur sínar á, eru auðkennd hér með breyttu letri:

„Hin slæma útreið Ágústs í skaðabótamálinu, sem hann vann, rak hann í hendur fjárplógsmanna.“

Hér sýnist allt ljóst: Ágúst heyr skaðabótamál, vinnur það að fullu, fær tildæmdar samtals 61 þúsund krónur, en greiðir „vegna málarekstrarins“ 64 þúsund krónur, tapar þannig 3000 krónum auk hins tildæmda fjár á því að fara í mál, þó að hann vinni málið að fullu. Er nokkur furða, þótt leikmanni blöskri þvílíkar málalyktir og verði hugsað: — hvar er íslenskt réttarfar á vegi statt, ef sá, sem telur sig hafa orðið fyrir skaða af annarra völdum, getur ekki leitað réttar síns án ótta um að hljóta af málarekstrinum nýjan skaða ofan á hinn fyrri, þótt hann vinni skaðabótamálið fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar? Mundi ekki sá blaðamaður, sem þegði um annað eins og þetta, hljóta hvers manns ámæli fyrir ábyrgðarleysi og heigulshátt? Þannig hlaut höfundur átalinnar blaðagreiðar að hugsa, þótt ekkert hefði komið til annað en hinn ýkja mikli kostnaður Ágústis vegna málarekstrursins. En hér við bættist, að hin slæma útreið, sem Ágúst hlaut í skaðabótamálinu, virðist eiga sinn þátt í því, að hann sér sig tilneyddan að taka lán með ofurkjörum til lagfæringar á íbúð sinni. Hér varð því af málavöxtum, eins og þeir horfðu við í kærinni, ekki annað ráðið en verið væri að fremja á fátækum manni herfilegt raglæti, sem hver ærlegur blaðamaður hlaut að átelja harðlega“.

Þessi orð í greinargerð stefnda í málinu nr. 1950/1963 eru höfð vegna ummæla í Frjálsri þjóð 7. september 1963 um stefnanda og Ágúst Sigurðsson. Er viðskiptum þeirra m. a. lýst þannig:

„Hvernig má það ske, að lögfræðingur sá, sem rekur skaðabótamálið fyrir Ágúst og vinnur það að fullu, skuli taka auk tildæmds málskostnaðar (sem honum ætti að nægja), allar bæturnar og meira til, þannig að Ágúst tapi fjárhagslega á að vinna málið. Hér hlýtur að vera um að ræða fjártöku, sem enga stoð á í lögum“.

Í dómi þeim, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 23. desember 1964 í máli nr. 1950/1963, varð sú niðurstaða, að stefnandi hefði tekið kr. 24.000.00 fyrir að flytja tvö mál fyrir Ágúst Sigurðsson bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en allur kostnaður hans af málunum báðum orðið milli 50 og 60 þúsund krónur. Þau ummæli, er hér hafa verið tekin upp úr greininni 7. september 1963, voru talin röng og refsiverð, og voru þau ómerkt frá orðunum „... lögfræðingur sá ...“ og til loka málsgreinarinnar.

Málsástæður og lagarök. Stefnandi telur, að sá kafli úr greinargerð stefnda í máli nr. 1950/1963, sem birtur var í blaðinu Frjálsri

þjóð 2. nóvember það ár og tekinn er upp hér að framan, hafi að geyma svo hlutdræga og villandi frásögn, að úr verði bein fölsun. Því til styrktar tekur stefnandi fram, að hvergi sé á það minnzt, að það hafi verið frú Karólína Guðlaugsdóttir, sem hafi höfðað mál gegn honum fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands og hafði uppi þá kröfu, að þóknun fyrir störf stefnanda í hennar þágu yrði ákveðin kr. 147.611.19. Segir stefnandi þessa kröfu frúarinnar m. a. hafa verið reista á synjun hennar fyrir nafnritun á umboð honum til handa. Stefnandi kveðst hafa gert þær kröfur fyrir lögmannafélagsstjórninni, sem getið er í Frjálsri þjóð 7. september 1963, og þá hafa stuðzt við úrskurð gjaldskrárnefndar félagsins. Stjórnin og síðar Hæstiréttur hafi lækkað lögmannskaupið frá því, er hann hafði krafizt. Þó hafi Hæstiréttur látið kærumálskostnað falla niður, en af því dregur stefnandi þá ályktun, að veruleg vafaatriði hafi þótt í málinu. Stefnandi segir, að í greininni í Frjálsri þjóð 7. september 1963 hafi hann verið nefndur til dæmis um gerspillingu meðal lögmannna. Með því að sleppa úr frásögninni um mál frú Karólínu, eins og gert hafi verið í blaðinu, hafi verið leitast við að búa til sönnun fyrir þessari fullyrðingu.

Stefnandi telur, að birting fyrrnefnds greinargerðarkafla í Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963 feli í sér ærumeiðandi aðdróttun, sem borin hafi verið út gegn betri vitund, enda hafi hið rétta um viðskipti stefnanda og frú Karólínu Guðlaugsdóttur verið komið fram í bæjarþingsmálinu nr. 1950/1963.

Stefnandi telur, að þeir kaflar úr greinargerð stefnda í máli nr. 1950/1963, sem birtir voru í Frjálsri þjóð 15. nóvember það ár og teknir eru upp hér að framan, feli í sér ósönn ummæli, sem með birtingunni hafi verið borin út opinberlega gegn betri vitund, enda hafi hið rétta verið komið fram í málinu.

Stefnandi heldur því fram, að með því að birta margnefnda greinargerð á prenti hafi stefndi unnið til refsingar vegna áðurgetinna ummæla samkvæmt 236. eða 234.—235. grein laga nr. 19/1940 og beri við ákvörðun hennar að hafa hliðsjón af 72. gr. laganna. Stefnandi telur og, að stefnda beri að dæma til greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 100.000.00 samkvæmt 264. gr. sömu laga. Ummælin, sem birtust 15. nóvember 1963, telur stefnandi, að ómerkja beri eftir 241. grein laganna. Loks telur hann, að stefnda beri að dæma til að birta í blaðinu Frjálsri þjóð dóm í máli þessu. Þá kröfu byggir hann á 22. gr. laga nr. 57/1956.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því í fyrsta lagi, að í dómi bæjarþingsins í máli nr. 1950/1963 stendur: „Báðir aðilar hafa viðhaft allstór orð við rekstur málsins, en ekki þykja efni til, að þeir sæti viðurlögum af þeim sökum“. Þar sem greinargerðin, sem birt var í Frjálsri þjóð í nóvember 1963, var lögð fram í þessu máli, hefur, að því er stefndi heldur fram, með þessum ummælum í dóminum verið kveðinn upp dómur um það, að ekki séu efni til, að stefndi sæti viðurlögum fyrir greinargerðina. Þessa niðurstöðu telur stefndi, að Hæstiréttur hafi staðfest með dómi sínum 20. júní 1966.

Að þessu athuguðu telur stefndi, að mál þetta snúist um það eitt, hvort hann sem ábyrgðarmaður Frjálsrar þjóðar á sínum tíma eigi að sæta viðurlögum fyrir að birta í blaðinu ósaknæma greinargerð í máli, sem höfðað hafi verið vegna greinar í blaðinu. Hér liggi þó eigi fyrir að athuga nema það úr greinargerðinni, sem birtist 2. nóvember, þar sem dómur hafi þegar gengið um það, er birtist 15. nóvember, og á stefnandi þá við dóm þann, er gekk 6. janúar 1965 og Hæstiréttur ómerkti.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína að þessu athuguðu með því, er nú skal greina:

Hann telur, að greinargerð, sem lögð hefur verið fram á „opinberu dómþingi“, sé þar með orðin opinbert gagn, sem hver maður geti átt frjálsan aðgang að. Telur stefndi, að það hafi ekki falið í sér lagabrot að leggja fram greinargerð hans í máli nr. 1950/1963 og að af því leiði, að það sé ekki heldur lagabrot að birta hana í Frjálsri þjóð. Séu engin dæmi til málssóknar vegna slíkrar birtingar, enda mætti þá með jafnmiklum rétti lögsækja menn fyrir birtingu dóma.

Þá telur stefndi, að þau ummæli, er birtust 2. nóvember og stefnandi reisir kröfur sínar á, séu ekki óviðurkvæmileg, ef þau eru lesin í réttu samhengi. Loks telur stefndi, að málssókn þessi feli í sér tilraun af hálfu stefnanda til að fá stefnda refsað fyrir að taka til varna í hinu fyrra máli milli sömu aðilja. Sé hér vegið gegn einhverjum hinum mikilvægustu réttindum borgaranna.

Þau rök stefnda, sem nú hefur verið skýrt frá, voru borin fram við munnlegan flutning málsins 20. desember s. l. Í ræðu sinni þá vék stefndi og að lagarökum, sem hann hafði áður fært fram og varða öll þau ummæli, sem stefnandi byggir kröfur á. Heldur stefndi því fram, að í margumræddri greinargerð hafi ekki verið

endurtekin ummæli þau, sem birtust í Frjálsri þjóð 7. september 1963. Þvert á móti hafi stefndi ekki viljað taka afstöðu til þess að sinni, hvort heimildir höfundar þeirrar greinar væru að öllu leyti réttar, og bent á nauðsyn þess að kanna málið. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi rofið ummæli sín í greinargerðinni úr réttu samhengi, en í henni sé gætt fyllstu hófsemi og á engan hátt brotið gegn lögum með birtingu hennar í blaði. Stefndi telur alla málssókn stefnanda með sama marki brennda og áður er lýst um hluta hennar, þ. e. tilraun til að fá stefnda refsað fyrir að taka með réttmætum og löglegum hætti til varna í dómsmáli.

Þau ummæli stefnanda, sem stefndi krefst, að verði dæmd dauð og ómerk, telur stefndi röng. Í stefnu og greinargerð stefnanda telur hann felast refsiverðar aðdróttanir í sinn garð, sem baki stefnanda bótaskyldu.

Nniðurstaða.

Hinn 11. febrúar 1964, er mál þetta kom fyrir á reglulegu dómþingi bæjarþings Reykjavíkur, var bókað um þá ákvörðun dómara, að málið skyldi flytja munnlega. Slíkur flutningur fór fram tvívegis, áður en málið var dæmt hið fyrra sinnið, þ. e. 2. október og 3. desember 1964. Sami dómari hlýddi á málflutning í bæði skiptin og kvað síðan upp dóm 6. janúar 1965. Í hvorugt sinnið, sem flutningur fór fram, veitti hann neinu athygli í málflutningi stefnanda, sem sjálfur flutti málið, er benti til þess, að hann gerði dómkröfur, byggðar á því, sem birtist í blaðinu Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963.

Á það verður ekki fallið með stefnda, að kröfu hans um sýknu beri að taka til greina, þegar af þeirri ástæðu, að jafnan sé heimilt að birta skjöl, sem lögð hafa verið fram á dómþingi, er háð hefur verið í heyrenda hljóði, án þess að við geti legið ábyrgð samkvæmt XXV. kafla laga nr. 19/1940. Ljóst er, að slík birting getur leitt til þess, að aðdróttanir eða móðganir verði kunnar mönnum, er eigi vissu um þær áður, og orðið til að gefa fólki hlutdregna mynd af málinu. Þykir því verða að virða, hvort svo standi á um þá greinargerð, er stefndi hafði lagt fram á bæjarþinginu og síðan var birt í Frjálsri þjóð.

Í birtingu greinargerðar stefnda í Frjálsri þjóð 2. og 15. nóvember 1963 felst ekki hlutlaus frásögn um málavexti í bæjarþingsmáli nr. 1950/1963 eða rekstur þess. Í því, er birtist í blaðinu 2. nóvember, kemur fram ófullnægjandi mynd af viðskiptum stefnanda við frú Karólínu Guðlaugsdóttur, og er hlutur stefn-

anda þar gerður verri en efni stóðu til. Í því, er birtist í blaðinu 15. nóvember, er vikið að viðskiptum stefnanda og Ágústs Sigurðssonar, en um þau hafði Frjáls þjóð haft uppi fullyrðingar, sem dómstólar hafa fjallað um. Svo sem fyrr er frá greint, varð niðurstaða þeirra sú, að fullyrðingar þessar fengju ekki staðizt. Ummæli þau, sem birtust í Frjálsri þjóð 15. nóvember, fela ekki í sér fullyrðingu um, að áður hafi verið satt sagt. Verður að virða þau ummæli, er stefnandi byggir kröfur sínar í þessu máli á, eftir því samhengi, sem þau standa í. Hins vegar er þess að gæta, að í greinargerð, sem stefnandi hafði lagt fram 28. september 1963 í máli nr. 1950/1963, hafði hann hrakið ummæli Frjálsrar þjóðar um kaup sitt fyrir lögmannsstörf í þágu Ágústs Sigurðssonar, og með tilliti til þess verður frásögn sú, sem birtist í Frjálsri þjóð, að teljast gera hlut hans verri en efni stóðu til.

Að því athuguðu, sem nú hefur verið rakið, þykir eiga að virða það, hvort í birtingu greinargerðar stefnanda 2. og 15. nóvember 1963 í Frjálsri þjóð felist refsiverðar móðganir eða aðdróttanir. Þótt hlutur stefnanda hafi verið gerður verri en rétt var, er hins að gæta, að þess var rækilega getið, að hér væri um að ræða greinargerð annars aðilja í dómsmáli, og ekki var hert á því, er áður hafði verið sagt um stefnanda í sama blaði, heldur úr því dregið. Þegar ummælin, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, eru skoðuð í ljósi þessa, verður ekki talið, að í þeim felist slík móðgun eða aðdróttun í garð stefnanda, að kröfur hans verði teknar til greina.

Stefndi hefur gert kröfu um ómerkingu ummæla í stefnu og greinargerð stefnanda, og eru þessi ummæli áður nefnd. Þá gerir stefndi kröfu um, að stefnandi sæti viðurlögum fyrir ummæli þessi og fyrir „ósæmilega tilvitnunaraðferð“. Kröfur þessar verður að telja dómtækar, sbr. 188. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi er harðorður í stefnu og greinargerð, en mjög skortir einnig á, að stefndi hafi gætt hófs í ummælum, er hann hefur viðhaft í skjölum og ræðum varðandi málið. Með hliðsjón af meginreglunni í 239. gr. laga nr. 19/1940 þykir ekki eiga að koma til viðurlaga vegna ummæla, sem aðiljar hafa haft hvor um annan, meðan málið hefur verið rekið. Þegar af þessari ástæðu verða nýnefndar kröfur stefnda ekki teknar til greina. Rétt er, að málskostnaður falli niður, sbr. 178 gr. laga nr. 85/1936.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppsagan hefur dregizt vegna þingleyfis og anna.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius, í máli þessu. Áðurnefndar kröfur stefnda verða ekki teknar til greina. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 15. marz 1968.

Nr. 109/1967. **Gjaldheimtan í Reykjavík**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

gegn

Áka Jakobssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1967. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda, sem eftir áfrýjun málsins hefur greitt samkvæmt héraðsdómi kr. 36.199.00, verði dæmt að greiða opinber gjöld frá árunum 1960 til 1963, er í málinu greinir, samtals að fjárhæð kr. 244.448.00 ásamt 12% ársvöxtum af kr. 204.675.00 frá 15. október 1963 til 1. febrúar 1965 og af kr. 244.448.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda, staðfestingar ákvæðis héraðsdóms um málskostnað og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Eins og í héraðsdómi greinir, seldi stefndi með hagnaði spildu í landareign Reynisvatns í Mosfellshreppi og hluta tveggja húseigna, nr. 100 við Efstasund og nr. 88 við Skipasund í Reykjavík. Er eignir þessar voru seldar, hafði stefndi